



Reykjavík, 8. apríl 2014

GREINARGERÐ UM UMSAGNIR ER BÁRUST UMHVERFISSTOFNUN UM TILLÖGU AÐ STARFSLEYFI FYRIR SORPU BS., ÁLFSNESI

INNGANGUR

Umhverfisstofnun leitaði umsagna hjá heilbrigðisnefnd Reykjavíkur, heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Skipulagsstofnun, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Íbúasamtökum Leirvogstungu, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Umsagnir bárust frá öllum sem leitað var til en Reykjavíkurborg og Skipulagsstofnun gerðu ekki athugasemdir við starfsleyfistillöguna.

Hér á eftir fer umfjöllun Umhverfisstofnunar um þær ábendingar sem koma fram í umsögnunum. Ábendingarnar sjálfar eru ritaðar með svörtu lettri en viðbrögð Umhverfisstofnunar með grænu lettri. Athygli er vakin á að Umhverfisstofnun hefur felld brott grein 1.7 frá þeirri tillögu að starfsleyfi sem send var umsagnaraðilum. Þetta varð til þess að greinar 1.8–1.12 sem vísað er til í umsögnum bera nú númerin 1.7–1.11.

UMSÖGN HEILBRIGÐISNEFNDA REYKJAVÍKUR

Gr. 1.10 Samráðsfundur

Umhverfisstofnun getur falið heilbrigðisnefnd eftirlit skv. 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sé heilbrigðisnefnd falið eftirlit verður fulltrúi heilbrigðisnefndar líka fulltrúi eftirlitsaðila og fulltrúi Umhverfisstofnunar ekki aðili að samráðsfundi. Það er álit HER að breyta þurfi grein til að gera ráð fyrir þessu framsali þannig að Umhverfisstofnun sé ávallt á samráðsfundi.

Umhverfisstofnun hefur breytt greininni til samræmis við ábendinguna.

Gr. 1.12 Valdsvið og þvingunarúrræði

Í lögum nr. 55/2003 er kveðið á um að ef svo alvarleg hættu stafar af tiltekinni starfrækslu eða notkun að aðgerð þoli enga bið er Umhverfisstofnun/heilbrigðisnefnd heimilt **til bráðabirgða** að stöðva starfsemi eða notkun þegar í stað. Í tillögu að starfsleyfi er kveðið á um að eftirlitsaðila sé heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða. HER telur að betra sé að segja að heimilt sé að stöðva starfsemi rekstraraðila **til bráðabirgða** sé um alvarlega hættu að ræða.

Í grein er tilgreint að **eftirlitsaðili** geti svipt rekstraraðila starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik. Þarna er ekki tekið tillit til að eftirlitsaðili getur verið heilbrigðisnefnd og heilbrigðisnefnd hefur ekki heimild til að svipta rekstraraðila starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hefur gefið út. Það er álit HER að breyta þurfi grein og tiltaka að **útgefandi starfsleyfis** geti svipt rekstraraðila starfsleyfi sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik.

Umhverfisstofnun hefur breytt greininni til samræmis við ábendinguna og gert frekari grein fyrir lagastoð mismunandi þvingunarúrræða.

Gr. 2. 6 Tilkynningarskylda vegna mengunarslysa

HER bendir á að ef heilbrigðisnefnd hefur verið falið eftirlit er ekki kveðið á um að tilkynna Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun.

Í kjölfar ábendingar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefur Umhverfisstofnun breytt greininni með þeim hætti að árétta skyldu rekstraraðila til að tilkynna til Neyðarlínu ef bráðamengun verður. Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun fullnægjandi að rekstraraðili tilkynni eftirlitsaðila um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun eða bráðamengun hefur orðið. Komi til framsals eftirlits telur stofnunin að í framsalssamningi verði fjallað um samskipti útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila.

Gr. 2.9 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Skv. gr. 12.3 í rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er kveðið á um að gera skal kröfu í starfsleyfi að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs. HER bendir á að í tillögu að starfsleyfi kemur þetta ekki fram.

Umhverfisstofnun telur ábendinguna réttmæta en telur þó ekki tilefni til að breyta greininni. Starfsemi urðunarstaðarins felst í að taka við úrgangi til meðhöndlunar. Almennt hefur slík starfsemi einungis í för með sér myndun heimilisúrgangs frá vistarverum starfsmanna og olíuúrgangs frá vinnuvélum á staðnum. Ekki er því um að ræða sértækan rekstrarúrgang sambærilegum þeim er fellur til við framleiðslu eða í öðrum iðnaði. Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að skylda rekstraraðila til að draga með skipulögðum hætti úr myndun heimilisúrgangs og olíuúrgangs frá vinnuvélum. Hins vegar telur stofnunin eðlilegt að rekstraraðili leitist við að koma þeim úrgangi sem til fellur til endurnotkunar eða endurnýtingar, í samræmi við ákvæði greinar 2.9.

Gr. 3.5 Hauggas

Í gashreinsistöð er rekstrarlager af gasi sem gera þarf betur grein fyrir í starfsleyfi Gasbirgðastöðvar eru starfsleyfissskyldar skv. fylgiskjali 2 í rgl. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. HER telur að gott væri að hafa betri lýsingu á starfsemi gashreinsistöðvar og stærð hennar ásamt því að tilgreint sé að skilgreina þarf viðbrögð við gasleka.

Samkvæmt upplýsingum sem Umhverfisstofnun aflaði frá umsækjanda er um að ræða miðlunartanka fyrir metan sem eru nauðsynlegur hluti hreinsistöðvar fyrir hauggas. Heildarrúmmál tankanna er um 80 m³. Að fengnu álitni heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, dags. 26. júní 2013, telur Umhverfisstofnun að um sé að ræða tanka sem teljast órjúfanlegur hluti gashreinsistöðvarinnar, en teljast ekki gasbirgðastöð í skilningi reglugerðar nr. 785/1999. Umhverfisstofnun hefur breytt starfsleyfistillögunni til samræmis með því að setja inn ákvæði um miðlunartankana og viðbrögð við gasleka í tl. II í grein 1.2 og í 4. mgr. greinar 3.5.

Gr. 5.3 Losunarmörk

HER finnst ekki vera ljóst í tillögu að starfsleyfi hvernig fylgjast á með útrás sigvatns í Þerneyjarsundi. HER telur að gera þurfi grein fyrir eftirliti eða verklagi til að fylgjast með hvort útrás uppfylli þau skilyrði sem koma fram í þessari grein.

Umhverfisstofnun telur útrás sigvatns vera hluta af hreinsimannvirkjum og samkvæmt 6. tl. greinar 5.1 í starfsleyfistillögunni ber rekstraraðila að skila árlega skráningum um eftirlit með rekstri hreinsimannvirkja. Í þessu tilfelli er um að ræða sjónrænt eftirlit og það er því ekki hluti af mælingaáætlun í grein 5.2. Til viðbótar við innra eftirlit rekstraraðila gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að í



reglubundnum eftirlitsferðum fari fram sjónrænt eftirlit með útrásinni í Þerneyjarsundi. Umhverfisstofnun hefur breytt greininni til að vekja athygli á þessum þætti eftirlitsins.

Gr. 5.4 Skýrslugjöf

Skv. gr. 9 í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er kveðið á um að afrit af skýrslu um þær tegundir úrgangs sem fargað er eða eru endurnýttar eða endurnotaðar, um heildarmagn og um árangur af vöktunaráætlun skal senda heilbrigðisnefnd. HER telur að taka þurfi fram í starfsleyfi að senda skuli afrit á heilbrigðisnefnd.

Umhverfisstofnun hefur breytt greininni til samræmis við ábendinguna.

UMSÖGN HEILBRIGÐISNEFNDAKJÓSARSVÆÐIS

1.2. Umfang starfsemi.

Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis telur að betur þurfi að gera grein fyrir þeim þætti í starfsleyfinu sem fjallar um urðun á óvirkum spilliefnum. Skýra þarf í starfsleyfinu hvernig mat er lagt á slíkan úrgang og fram þarf að koma, að auk þess að ská gerð og magn úrgangsins, þurfi að vera unnt að rekja staðsetningu hans í urðunarreinum horft til framtíðar. Ef hugsunin er að unnt eigi að vera að fjarlægja úrganginn síðar þá þarf að koma fram að hann eigi að vera aðgengilegur á urðunarstað. Líklega væri best að það væri leitað álits Umhverfisstofnunar sem getur þá gert kröfu um prófun á efninu hvort það standist að vera óvirkt spilliefni.

Heilbrigðiseftirlitið veltir fyrir sér hvort ekki þurfi að vera sérstök skilyrði fyrir hreinistöð fyrir hauggas m.t.t. mengunarvarna, frekar en að gefið sé leyfi fyrir stöðinni í einni setningu innan þessa starfsleyfis. Bent er á að skv. starfsleyfinu er óheimilt að brenna gas á staðnum.

Umhverfisstofnun telur að fram komi með skýrum hætti í grein 1.2 að rekstraraðila sé einungis heimilt að urða stöðug, óvirk spilliefni ef þau uppfylla viðmiðanir sem settar eru fram í viðauka II við reglugerð um urðun úrgangs. Stofnunin telur ekki ástæðu til að skýra frekar hvernig slíkt mat fer fram, enda er það tíundað í reglugerðinni, m.a. varðandi prófanir á úrganginum. Samkvæmt reglugerðinni er það á ábyrgð rekstraraðila urðunarstaðarins að ganga úr skugga um að stöðug, óvirk spilliefni uppfylli þau skilyrði sem reglugerðin setur. Það sama gildir um allan annan úrgang sem tekið er á móti til urðunar.

Umhverfisstofnun telur því ekki ástæðu til að skylda rekstraraðila til að leita álits stofnunarinnar í hvert sinn sem ætlunin er að taka á móti stöðugum, óvirkum spilliefnum.

Í grein 1.2 er lögð sú skylda á rekstraraðila að skrá sérstaklega staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni. Sú skylda er í samræmi við 11. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Ekki er gert ráð fyrir að úrgangurinn verði síðar fjarlægður, enda hefur slíkt í för með sér mengunarhættu, og því telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að setja skilyrði um að hann eigi að vera aðgengilegur síðar meir.

Umhverfisstofnun telur eðlilegt að heimild fyrir rekstri hreinsistöðvar fyrir hauggas sé hluti af starfsleyfi urðunarstaðarins og vísar þar til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sértek skilyrði um varnir gegn mengun frá afgangi og frárennsli hreinsistöðvarinnar eru sett í grein 3.5 í starfsleyfistillögunni.

Samkvæmt 3. mgr. greinar 1.2 í starfsleyfistillögunni er brennsla úrgangs á urðunarstaðnum bönnuð. Þetta bann nær yfir úrgang sem rekstraraðili tekur við til meðhöndlunar en nær ekki yfir hauggas sem



myndast og safnað er á staðnum. Samkvæmt grein 3.5 er gert ráð fyrir að hauggas verði brennt á staðnum, að fengnum viðeigandi leyfum, ef ekki reynist mögulegt að nýta það.

1.10 Samráðsfundir

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að samráðshópurinn sé stækkaður þannig að hann nái til aðliggjandi sveitarfélags og aðliggjandi heilbrigðisnefnda þar sem Mosfellsbær er innan áhrifasvæðis fyrirtækisins hvað varðar a.m.k. lyktarmengun.

Umhverfisstofnun hefur breytt greininni með þeim hætti að rekstraraðila verði skylt að bjóða fulltrúa heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis til samráðsfundar, auk fulltrúa heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Jafnframt hefur stofnunin sett inn ákvæði um opinn kynningarfund þar sem rekstraraðili kynnis árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga.

2.3. Umhverfisstjórnunarkerfi

Heilbrigðiseftirlitið telur sjálfsagt að fyrirtækinu sé gert að starfrækja umhverfisstjórnunarkerfi líkt og fordæmi eru fyrir í starfsleyfisútgáfu hjá Umhverfisstofnun.

Ákvæði um að rekstraraðili vinni eftir umhverfisstjórnunarkerfi hafa ávallt verið valkvæð í þeim starfsleyfum sem Umhverfisstofnun hefur gefið út. Stofnunin telur ekki ástæðu til að leggja ríkari skyldur á rekstraraðila í þeirri starfsleyfistillögu sem hér er til umfjöllunar. Þess ber að geta að þau fyrirtæki sem hafa vottað umhverfisstjórnunarkerfi geta nú fengið vottunina birta á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Stofnunin vonast til að með þessu skapist frekari hvatning en nú er til að fyrirtæki afli sér slíkrar vottunar.

2.5. Óeðlilega mikil mengun

Eflaust er þetta illframkvæmanleg grein en lagt er til að það verði tekin allur vafi á að rekstraraðila beri að hreinsa þá mengun sem kann að verða skv. fyrstu setningunni

Greinin orðist svo. Berist á starfsleyfistímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið sér rekstraraðilil um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa á sinn kostnað þá mengun sem kann að verða hvort sem mengunin er til komin á lengri tíma eða vegna skynilegra óhappa

Umhverfisstofnun telur að í ákvæðinu eins og það stendur í starfsleyfistillögunni felist ótvíræð skylda rekstraraðila til að bregðast við óeðlilegri mengun, hvort sem hún verður við skyndilegt óhapp eða yfir lengri tíma. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að breyta orðalagi greinarinnar. Rétt er að benda á að lög um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012, eiga við um þá starfsemi sem hér um ræðir.

3.3. Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns. Í síðustu málsgrein ætti að standa skal í stað „má búast við.“

Umhverfisstofnun hefur breytt orðalagi greinarinnar með það markmið að skýra betur ákvæðið.

Lagt er til að starfleyfinu komi fram hvaða reglubundnu eftirlitsmælingar Umhverfisstofnun framkvæmir og tíðni þeirra.

Að svo stöddu framkvæmir Umhverfisstofnun ekki reglubundnar eftirlitsmælingar hjá starfsleyfisskyldri starfsemi, heldur eru slíkar mælingar hluti af innra eftirliti hvers rekstraraðila. Sem eftirlitsaðili fylgist

stofnunin með því að mælingarnar séu framkvæmdar og metur niðurstöður þeirra. Þess ber þó að geta að á áætlun Umhverfisstofnunar er að undirbúa sýnatökur sem stofnunin myndi sjálf framkvæma. Hugmyndin er að þeim sýnatökum verði ætlað að staðfesta niðurstöður úr sýnatökum sem fara fram á vegum rekstraraðila.

UMSÖGN MOSFELLSBÆJAR

- Krafa um botnþéttingu er ekki haldið á lofti í starfsleyfinu með nægilega afgerandi hætti þrátt fyrir að lífræn efni séu skv. mælingum að skila sér út í næsta umhverfi við urðunarstaðinn.

Í grein 3.3 í starfsleyfistillögunni eru sett skilyrði um jarðfræðilegan tálma á botni og í hliðum urðunarstaðarins. Eins og kemur fram í greininni er dregið úr kröfum sem settar eru fram í reglugerð um urðun úrgangs. Er það gert á grundvelli heimildar í 25. gr. reglugerðar um urðun úrgangs og á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili lagði fram. Áhættumatið sýnir, að mati Umhverfisstofnunar, með fullnægjandi hætti fram á að jarðvegi, grunnvatni eða yfirborðsvatni stafi ekki hættu þó dregið verði úr kröfum að þessu marki.

- Í reglugerð um urðun kemur fram að óheimilt sé að urða fljótandi úrgang, engu að síður er tekið á móti slíkum úrgangi í talsverðu magni í Álfsnesi og í starfsleyfi er gert ráð fyrir móttöku á fljótandi skólphrati þar sem fast efni er einungis 20%.

Samkvæmt 5. mgr. 1. liðar í grein 1.2 í starfsleyfistillögunni er rekstraraðila óheimilt að urða fljótandi úrgang og kemur fram að fljótandi úrgangur teljist úrgangur með þurrefnisinnihald undir 20%. Þetta ákvæði er í samræmi við a-lið 1. mgr. 8. gr. reglugerðar um urðun úrgangs og við skilgreiningu á hugtakinu *fljótandi úrgangur* í 3. gr. sömu reglugerðar. Þetta eru sömu ákvæði og gilt hafa til þessa um starfsemina. Í eftirlitsferðum Umhverfisstofnunar hafa ekki verið skráð frávik eða athugasemdir hvað þetta varðar.

- Í drögum að starfsleyfi segir að móttaka á lyktarsterkum úrgangi skuli eiga sér stað við lokaðar aðstæður. Reyndin hefur þó verið að þær losanir eigi sér ekki stað við lokaðar aðstæður. Enn hefur sem dæmi ekki verið lokið við framkvæmdir við Gými þrátt fyrir að verklok hafi verið áætluð fyrir ári síðan. Ef ekki er hægt að losa slíkan úrgang við lokaðar aðstæður á skýlaust að gera þá kröfu að úrgangurinn verði brenndur í Kólku.

Í 3. mgr. greinar 3.2 í starfsleyfistillögunni eru sett skilyrði fyrir urðun á úrgangi sem telst vera lyktsterkur. Skilyrðin mæla fyrir um að starfrækt sé aðstaða þannig að móttaka og urðun þessa úrgangs fari fram við lokaðar aðstæður. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að rekstraraðili hafni úrgangshafa um móttöku á lyktsterkum úrgangi ef rekstraraðili uppfyllir ekki þessi skilyrði, sbr. grein 4.1 í starfsleyfistillögunni. Um þessi skilyrði gildir, eins og önnur skilyrði starfsleyfis, að ef rekstraraðili starfar án þess að uppfylla þau þá telst það frávik frá starfsleyfi. Umhverfisstofnun heldur utan um öll frávik og beitir mögulegum þvingunarúrræðum til að knýja fram úrbætur af hendi rekstraraðila, sbr. grein 1.11 í starfsleyfistillögunni. Ef rekstraraðili uppfyllir ekki skilyrði starfsleyfis til móttöku á lyktsterkum úrgangi og synjar úrgangshafa um móttöku þá er það úrgangshafa að koma úrganginum til annarrar ráðstöfunar, hvort sem það er brensla í Kólku eða önnur viðurkennd ráðstöfunarleið. Svo ítarleg ákvæði um lyktarvarnir eru nýmæli í starfsleyfum urðunarstaða hér á landi. Vegna nálægðar við íbúabyggð verður lögð áhersla á eftirlit með því að skilyrði þessara ákvæða verði uppfyllt.

- Loka þarf fyrir það að SORPU bs. sé gert kleift að gera tilraunir með lyktsterkan úrgang á urðunarstaðnum svo nálægt byggð. Slík tilraunastarfsemi geti hins vegar átt sér í lokuðum rýmum svo sem innandyra í lokuðum skemmum.

Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að koma í veg fyrir að rekstraraðili geti gert tilraunir með endurnýtingu lyktsterks úrgangs á urðunarstaðnum, enda geta þær orðið til þess að honum verði mögulegt að bæta verklag við meðhöndlun þessa úrgangs og draga úr urðun hans. Stofnunin telur þó nauðsynlegt að um þessar tilraunir gildi skilyrði sem lágmarki mögulega mengun frá þeim. Þess vegna er í III. tl. 1. mgr. greinar 1.2 í starfsleyfistillögunni gerð krafa um að rekstraraðili geri grein fyrir slíkum tilraunum áður en til framkvæmdar þeirra kemur og samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila jafnframt gert að skilyrði. Þessu til viðbótar hefur Umhverfisstofnun nú breytt greininni með þeim hætti að leita beri umsagna viðkomandi heilbrigðisnefnda áður en samþykki er veitt og að almennt skuli ekki veitt samþykki nema tilraunirnar fari fram í lokuðu rými svo lágmarka megi mögulega lyktarmengun.

- Mælingum og eftirliti er ekki stillt upp með nægilega reglulegum hætti í starfsleyfi. Ráða þarf aðila sem annast reglulegt/daglegt eftirlit þar sem eftirlit Umhverfisstofnunar sem er og hefur verið á árlegum grunni er ekki nægjanlega títt og veitir því ekki nægilegt aðhald.

Ákvæði í starfsleyfistillögunni um eftirlitsmælingar rekstraraðila eru í samræmi við ákvæði reglugerðar um urðun úrgangs, að teknu tilliti til niðurstaðna fyrri mælinga við urðunarstaðinn. Um fjölda reglubundinna eftirlitsferða eftirlitsaðila er mælt fyrir um í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

Urðunarstaðurinn sem hér um ræðir fellur í 1. eftirlitsflokk sem leiðir af sér tvær eftirlitsferðir eftirlitsaðila á hverju ári, sbr. 2. mgr. 12. gr. framangreindrar reglugerðar. Til viðbótar reglubundnum eftirlitsferðum tekur eftirlitsaðili við ábendingum sem almenningur eða aðrir gætu haft um reksturinn. Samkvæmt mati eftirlitsaðila í hverju tilfalli geta slíkar ábendingar leitt til eftirlitsferða til viðbótar við reglubundnar eftirlitsferðir, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar um mengunarvarnir.

- Æskilegast væri að fá óháðan eftirlitsaðila í mengunarmælingar með starfsemi í Álfsnesi sem ekki er greiddur beint af SORPU bs og skilar inn sínum niðurstöðum til næstu hagsmunaaðila, þ.e. Reykjavíkur og Mosfellsbæjar til dæmis í gegnum heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

Litið er á eftirlitsmælingar sem eðlilegan lið í rekstri og innra eftirliti starfsemi sem haft getur í för með sér mengun. Ennfremur er það í samræmi við greiðslureglu umhverfisréttarins að rekstraraðili greiði sjálfur fyrir það eftirlit og þær eftirlitsmælingar sem starfsemi hans kallar á. Niðurstöðum úr eftirlitsmælingum skal rekstraraðili skila til eftirlitsaðila og afriti til heilbrigðisnefndar á starfssvæði sínu, sbr. grein 5.4 í starfsleyfistillögunni og 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs. Eftirlitsaðili metur niðurstöður mælinganna og bregst við ef tilefni er til. Í ljósi ábendinga í umsögnum hefur Umhverfisstofnun breytt grein 1.9 og sett inn ákvæði um opinn kynningarfund þar sem rekstraraðili kynnir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga. Þess ber að geta að á áætlun Umhverfisstofnunar er að undirbúa sýnatökur sem stofnunin myndi sjálf framkvæma. Hugmyndin er að þeim sýnatökum verði ætlað að staðfesta niðurstöður úr sýnatökum sem fara fram á vegum rekstraraðila.

- Setja þarf upp í starfsleyfi skýra, vel skilgreinda og árangursríka viðbragðsáætlun vegna lyktarmengunar eða annarra óhappa sem upp koma. Úðun með sjó og dreifing ilmefna getur virkað sem tímabundin viðbrögð en er ekki ásættanleg lausn.

Við gerð starfsleyfistillögunnar hefur Umhverfisstofnun að leiðarljósi að lágmarka mögulega lyktarmengun eins og frekast er unnt og í þeim tilgangi eru í starfsleyfistillögunni skilyrði um viðvarandi mótvægisáðgerðir gegn lyktarmengun, s.s. um lokaða móttökuaðstöðu og úðun með lyktareyðandi efnum, vatni og ilmefnum, auk þess sem rekstraraðila er gert að skila inn tímasettri áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun. Þessum mótvægisáðgerðum er því ætlað að draga eins og kostur er úr mögulegri lyktarmengun allan ársins hring. Skilyrði um viðbragðsáætlanir eru almennt sett þar sem hættu er á skyndilegum óhöppum sem haft geta í för með sér bráðamengun. Stofnunin telur eðli lyktarmengunar ekki slíkt og því sé ekki ástæða til að gera kröfu um sérstaka viðbragðsáætlun vegna lyktarmengunar. Í ljósi ábendingar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins hefur Umhverfisstofnun breytt grein 2.1 og sett skilyrði um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun við eldi í urðunarreinum. Þeirri áætlun er m.a. ætlað að lágmarka mögulega loftmengun sem frá slíkum eldi kann að stafa.

- Skilgreina skal ásættanleg þekjuefni í starfsleyfi, þykkt, gerð, tíðni o.s.frv.

Samkvæmt grein 4.3 í starfsleyfistillögunni ber rekstraraðila að nota þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Svo lengi sem þessum skilyrðum er fullnægt telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að binda hendur rekstraraðila við val á þekjuefni, heldur telur stofnunin rétt að veita honum svigrúm til að leita bestu lausna við valið. Í ljósi ábendingarinnar telur stofnunin þó rétt að gera kröfu um lágmarksþykkt þekjulags og hefur því breytt 1. mgr. greinar 4.3 og sett skilyrði um lágmarksþykkt upp á 150 mm. Jafnframt telur stofnunin ekki rétt að heimila notkun þekjuefnis sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt. Í ljósi ábendingar frá Íbúasamtökum Leirvogstungu hefur stofnunin því breytt grein 4.3 til samræmis. Ef þekjuefni sem rekstraraðili velur uppfyllir ekki þau skilyrði sem starfsleyfið setur má gera ráð fyrir að eftirlitsaðili bregðist við og geri kröfu um að notað verði annað þekjuefni.

Varðandi tíðni þá er í grein 4.3 gerð krafa um að urðaður úrgangur sé þakinn daglega en veitt heimild til að þekja sjaldnar ef um er að ræða baggaðan úrgang sem urðaður er í stæðu, enda telst þá hættu á foki í lágmarki auk þess sem baggaður úrgangur skal hafa verið úðaður með lyktareyðandi efnum fyrir böggun, sbr. 2. mgr. greinar 3.2. Í ljósi ábendingarinnar hefur Umhverfisstofnun þó breytt þessari heimild í starfsleyfistillögunni og sett sem skilyrði að ekki stafi lyktarmengun af stæðunni. Það er því á ábyrgð rekstraraðila að tryggja að ekki stafi lyktarmengun af stæðunni, vilji hann nýta sér heimild til að þekja stæðuna sjaldnar en daglega. Þessu til viðbótar hefur Umhverfisstofnun breytt grein 4.3 og sett skilyrði um að baggaður úrgangur sem urðaður er í stæðu verði birgður með þekjuefni svo fljótt sem auðið er, og að lágmarki í lok hvernar vinnuviku á tímabilinu 1. maí – 30. september.

- Setja þarf hámark varðandi hæð og stærð á opnu stáli, þ.e á böggudum úrgangi í Álfsnesi.

Samkvæmt grein 4.3 í starfsleyfistillögunni ber rekstraraðila að halda stærð vinnslufatar í lágmarki hverju sinni. Sú skylda hvílir því á rekstraraðila að halda ekki stærri vinnslufleti opnum en nauðsynlegt er fyrir eðlilegan rekstur urðunarstaðarins. Ákvæðum greina 3.2 og 4.3, s.s. um úðun úrgangs fyrir böggun, úðun baggastæðu og notkun þekjuefnis, er síðan ætlað að lágmarka lyktarmengun eins og frekast er unnt frá vinnslufletinum. Umhverfisstofnun telur ekki ástæðu til að setja frekari kröfur varðandi vinnsluflötinn. Stofnunin telur heldur ekki ástæðu til að setja hámark varðandi hæð urðunarreina, enda telur stofnunin

slíkt heyra undir skipulagsáætlanir og bendir á að mögulegt er að binda skilyrði um hæð urðunarreina í deiliskipulag staðarins.

- Gerð er krafa í drögum að starfsleyfi að starfsleyfishafi skili inn áætlun um minnkun lyktarsterks úrgangs fyrir 1. janúar 2015. Vandséð er hvernig það eigi að ganga fyrir sig nema með tilkomu nýrrara gasgerðarstöðvar sem tekur við úrgangi frá sorpsamlaginu.

Vegna vandamála vegna lyktarmengunar telur Umhverfisstofnun ástæðu til að gera þá kröfu að rekstraraðili kanni leiðir til að draga úr urðun lyktsterks úrgangs á urðunarstaðnum. Hvaða leiðir komi til greina eða verði kannaðar er rekstraraðila sjálfs að ákveða.

- Setja þarf stífar kröfur um frágang svæðisins í deiliskipulagi en þær eru ekki til staðar í dag og þá hefur SORPA bs. farið frjálsega með afmörkun athafnasvæðis, en starfsemin er nú þegar komin talsvert út fyrir afmörkun gildandi deiliskipulags.

Umhverfisstofnun hefur ekki skipulagsvald og hefur því ekki möguleika á að setja atvinnurekstri skilyrði í deiliskipulagi. Stofnunin getur hins vegar sett skilyrði um frágang í starfsleyfi, t.d. um daglegan frágang urðunarreina og hvernig ganga eigi frá reinum eftir að þær hafa verið fylltar, sbr. greinar 4.3 og 4.5 í starfsleyfistillögum. Við lokun urðunarstaða setur Umhverfisstofnun jafnframt skilyrði um endanlegan frágang og gefur út í formi fyrirsmála um frágang og vöktun. Ábending um að starfsemi SORPU sé komin út fyrir afmörkun gildandi deiliskipulags hefur ekki komið fram áður og í umsögnum Reykjavíkurborgar og Skipulagsstofnunar, sem fara með skipulagsmál í Álfsnesi, kom ekkert fram um slíkt. Ábendingunni hefur verið komið á framfæri við eftirlitsteymi Umhverfisstofnunar og verður málið kannað í næstu reglubundnu eftirlitsferð. Varðandi setningu skilyrða í deiliskipulagi þá vekur Umhverfisstofnun athygli á að Reykjavíkurborg mun á næstunni þurfa að ráðast í breytingu á deiliskipulagi urðunarstaðarins og bendir stofnunin Mosfellsbæ á að beina ábendingum er það varða til Reykjavíkurborgar.

- Skilgreina þarf með skýrum hætti að það sé ekki hlutverk SORPU bs. að taka á móti sóttmenguðum úrgangi, hann eigi ávallt að brenna.

Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang hafa heimild til að taka á móti og urða dýrahæ, smitaðan sláturúrgang og annan smitandi landbúnaðarúrgang að fengnu sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 7. gr. reglugerðar um urðun úrgangs. Áður en stofnunin tekur afstöðu til beiðni um slíkt leyfi er í hverju tilfelli tekið tillit til gildandi laga og reglugerða sem taka til meðhöndlunar á aukaafurðum úr dýrum og hefur stofnunin um það samráð við héraðsdýralækni, heilbrigðisnefndir og sóttvarnalækni, í samræmi við verkferli sem þessir aðilar hafa gert.

- Gera þarf kröfu um að þær sérfræðiskýrslur sem unnar hafa verið fyrir SORPU bs. verði kynntar s.s. InPro skýrslan um áhættumat og lyktarmengun og niðurstöður líffræðinga og annarra sérfræðinga á umhverfi í Álfsnesi og Leirvogi þar sem um stórt hagsmunamál er fyrir Mosfellinga að Leirvogur sé hreinn og ómengaður.

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum sem koma fram í starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit, sbr. grein 1.10 í starfsleyfistillögum. Um leið og tillaga að starfsleyfi er auglýst, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999, eru öll gögn er varða starfsleyfisumsóknina einnig auglýst. Á heimasíðu sinni birtir Umhverfisstofnun skýrslur úr eftirlitsferðum, samskipti við rekstraraðila komi til eftirfylgni í kjölfar eftirlitsferðar og niðurstöður eftirlitsmælinga. Jafnframt er mögulegt að óska

sérstaklega eftir aðgangi að framangreindum gögnum á heimasíðu stofnunarinnar. Öll gögn sem varða starfsleyfisumsókn, starfsleyfi og lögbundið eftirlit með starfseminni eiga því að vera aðgengileg almenningi. Þessu til viðbótar hefur Umhverfisstofnun, í ljósi ábendinga í umsögnum, breytt grein 1.9 og sett inn ákvæði um opinn kynningarfund þar sem rekstraraðili kynsir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga.

- Í tengslum við væntanlegt umhverfismat nýrrar gasgerðarstöðvar þyrfti að huga að því að meta samlegðaráhrif frá núverandi starfsemi SORPU bs. í Álfsnesi.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar gasgerðarstöðvar er ekki efni þeirrar tillögu að starfsleyfi sem hér er til umfjöllunar. Tillagan hefur verið unnin óháð því hvort gasgerðarstöð verði starfrækt í Álfsnesi. Umhverfisstofnun bendir Mosfellsbæ á að beina þessari ábendingu til Skipulagsstofnunar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

- Ef kemur til byggingar nýrrar gasgerðarstöðvar í Álfsnesi þarf að taka starfsleyfi upp að nýju

Í ljósi umfangs starfseminnar í Álfsnesi er eðlilegt að núverandi starfsemi verði metin út frá lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þó að verið sé að skoða mögulega gasgerðarstöð í Álfsnesi þá liggur hvorki fyrir endanleg ákvörðun um þá framkvæmd né samþykkt á fjárveitingum til verkefnisins. Á meðan svo er verður að horfa á starfsemina án þeirra lausna sem gasgerðarstöð býður upp á og bráðabirgðaráðstafanir eða tilslakanir varðandi mengun eða lyktarvanda eru ekki ásættanlegar.

Endurnýting úrgangs í gasgerðarstöð er starfsleyfis skyld starfsemi, sbr. tl. 8.5 í fylgiskjali 2 með reglugerð nr. 785/1999, og verður því ekki starfrækt með lögmætum hætti án starfsleyfis. Eins og fram kemur hér að framan hefur starfsleyfistillagan fyrir urðunarstaðinn verið unnin óháð því hvort gasgerðarstöð rísi í Álfsnesi. Samkvæmt tillögunni er því ekki veitt heimild fyrir slíkri stöð eða á nokkurn hátt gert ráð fyrir henni. Í tillögunni er því ekki mælt fyrir um ráðstafanir til bráðabirgða eða veittar tilslakanir gagnvart lyktarmengun eða annarri mengun. Komi til þess að gasgerðarstöð rísi í Álfsnesi ber rekstraraðila hennar að afla starfsleyfis fyrir starfsemina, í samræmi við það sem hér að framan greinir.

Varðandi mat á umhverfisáhrifum núverandi starfsemi þá liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 31. ágúst 2005, um að urðunarstaðurinn í Álfsnesi skuli ekki háður mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Skipulagsstofnunar við starfsleyfistillöguna kemur ekki fram að sú ákvörðun þurfi endurskoðunar við.

1) Gerðar verði mengunarmælingar á a.m.k. 6 mánaða fresti á þeim efnum sem berast út í næsta umhverfi urðunarstaðarins, í lofti, láði og legi. Mosfellsbær fái reglulega upplýsingar um niðurstöðuna.

Umhverfisstofnun setti upp þá mælingaáætlun sem lögð er fram í grein 5.2 í starfsleyfistillögunni. Grunnurinn að áætluninni eru þeir mælistaðir og sú tíðni sem mælt er fyrir um í viðauka III við reglugerð um urðun úrgangs. Í tilfelli urðunarstaðarins í Álfsnesi er ekki um að ræða nýjan urðunarstað, heldur stað sem hefur verið í rekstri síðan árið 1991. Við gerð mælingaáætlunarinnar tók Umhverfisstofnun því tillit til niðurstöðna þeirra eftirlitsmælinga sem fram hafa farið á og við urðunarstaðinn frá opnun hans. Að teknu tilliti til þeirra telur stofnunin ekki tilefni til að fara fram á tíðari mælingar en gert er í fyrirbyggjandi mælingaáætlun. Varðandi aðgang að niðurstöðum eftirlitsmælinga vill Umhverfisstofnun vekja athygli á rétti almennings til aðgengis að upplýsingum, sbr. grein 1.10 í starfsleyfistillögunni, og að stofnunin birtir

niðurstöður eftirlitsmælinga á heimasíðu sinni. Jafnframt hefur stofnunin breytt grein 1.9 í starfsleyfistillögunni og sett inn ákvæði um opinn kynningarfund þar sem rekstraraðili kynnir árangur sinn við mengunarvarnir og niðurstöður eftirlitsmælinga.

2) Almennt ætti orðalag starfsleyfis að vera skýrara og ekki slakað á kröfum frá því sem nú er í gildi.

Það er hagur allra sem að málinu koma að orðalag starfsleyfis sé eins skýrt og kostur er. Það auðveldar rekstraraðila að uppfylla skilyrði starfsleyfisins, auðveldar eftirlitsaðila að hafa eftirlit með starfseminni og auðveldar almenningi og öðrum að setja sig inn í málið og veita aðhald. Að svo stöddu telur Umhverfisstofnun orðalag starfsleyfistillögunnar eins skýrt og mögulegt er.

Umhverfisstofnun byggir öll ákvæði starfsleyfis á grundvelli viðeigandi laga og reglugerða. Í tilfelli urðunarstaða er það að meginhluta sértæk reglugerð sem gildir um urðun úrgangs, nr. 738/2003. Reglugerð þessi var ekki í gildi þegar fyrra starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi var gefið út en almennt er álitíð að með setningu hennar hafi aukist til muna þær kröfur sem gerðar eru til urðunarstaða, frá því sem áður var. Umhverfisstofnun telur ákvæði starfsleyfistillögunnar vera í samræmi við ákvæði reglugerðar um urðun úrgangs og annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda. Að hluta er svo gengið lengra í starfsleyfistillögunni við að setja starfseminni skilyrði en reglugerð um urðun úrgangs mælir fyrir um, s.s. varðandi varnir gegn lyktarmengun.

3) Upplýsa þarf í 2. mgr. gr. 2.1 í tillögu að nýju starfsleyfi á hvaða forsendu slakað hefur verið á kröfu um að meðhöndlun á úrgangi frá eldra starfsleyfi, og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir Mosfellsbæ.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur þessi breyting á orðalagi ekki í för með sér að slakað verði á raunkröfum til starfseminnar, heldur að endurskoðað orðalag endurspeglar betur hina eiginlegu kröfu sem gera má til rekstraraðila. Stofnunin telur því að í raun muni endurskoðað orðalag ekki hafa í för með sér meiri afleiðingar fyrir nágretta urðunarstaðarins, s.s. meira ónæði eða óþrifnað, en orðalag fyrra starfsleyfis hefði haft.

4) Taka verður sérstakt tillit til umsagna Mosfellsbæjar vegna nábylissveitarfélagsins við urðunarstaðinn og í ljósi þeirra kvartana sem borist hafa frá íbúum í Mosfellsbæ.

6) Taka þarf lyktarmengun fastari tókum en nú er gert.

Umhverfisstofnun hefur fjallað ítarlega um allar sjö umsagnirnar sem bárust um starfsleyfistillöguna, þ.m.t. umsagnir Mosfellsbæjar og Íbúasamtaka Leirvogstungu, og tekið hverja ábendingu til skoðunar. Eins og fram kemur í þessari greinargerð hafa sumar ábendinganna leitt af sér breytingar á starfsleyfistillögunni. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í gildi er sértæk reglugerð um urðunarstaði, þ.e. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, sem setur starfsemi urðunarstaða skýran ramma. Umhverfisstofnun telur að ákvæði starfsleyfistillögunnar séu að fullu í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Urðunarstaðurinn í Álfsnesi telst einnig vera í fullnægjandi fjarlægð frá dvalarstöðum fólks samkvæmt reglugerðinni, sbr. 2. mgr. 12. gr. Í ljósi vandamála sem upp hafa komið vegna lyktarmengunar hefur Umhverfisstofnun þó gengið enn lengra en reglugerðin mælir fyrir um og sett fram sértæk ákvæði um varnir gegn lyktarmengun, sbr. grein 3.2 í starfsleyfistillögunni. Þetta er almennt ekki gert í starfsleyfum urðunarstaða á Íslandi.

5) Huga þarf sérstaklega að eyðingu á vargfugli í og við urðunarstaðinn.

Ákvæði um varnir gegn ágangi vargfugla og annarra meindýra eru í 6. mgr. greinar 2.1 í starfsleyfistillögunni.

UMSÖGN SLÖKKVILIÐS HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

1.8 Lokun urðunarstaðar.

Þar sem metangas myndast á svæðinu eftir að starsemi þar lýkur er eðlilegt að gerð verði grein fyrir því á hvern hátt brugðist verði við, t.d. með áframhaldandi söfnun gassins og/eða mælingum á gasmyndun.

Ákvæði um söfnun hauggass og mælingar á samsetningu þess eftir að starfsemi lýkur verða hluti af fyrirmælum um frágang og vöktun, sem Umhverfisstofnun mun gefa út við lokun urðunarstaðarins, sbr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2.4 Viðbragðsáætlun.

Bæta mætti við greinina að jafnframt að gera skuli viðbragðsáætlun gagnvart bráðamengun skuli einnig gera slíkt gagnvart eldi á svæðinu. Miklir eldar hafa þegar kviknað á svæðinu og rétt að koma vinnubrögðum í skipulagt ferli. Hvernig skuli brugðist við, hvað sé rétt að gera og hvað skal látið ógert.

Viðbragðsáætlun samkvæmt grein 2.4 tekur einungis til mögulegrar bráðamengunar hafs og stranda, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Í ljósi ábendingarinnar hefur Umhverfisstofnun hins vegar endurskoðað grein 2.1 í starfsleyfistillögunni og sett inn ákvæði um að rekstraraðila beri að útbúa áætlun um viðbrögð við eldi í urðunarreinum og fá hana samþykka af Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.

2.4 Óeðlilega mikil mengun.

Mögulegur bruni á svæðinu veldur umtalsverðri loftmengun og eðlilegt að slíks sé getið í þessum kafla.

Hér er væntanlega átt við grein 2.5.

Greinin fjallar um ábyrgð rekstraraðila gagnvart öllum tegundum mengunar sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Umhverfisstofnun telur loftmengun frá bruna innifalda. Stofnunin telur því ekki ástæðu til að tiltaka sérstaklega loftmengun frá mögulegum bruna.

2.5 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa.

Það er óeðlilegt að ekki sé tilgreint að slökkviliði sé upplýst strax um mengunarslys. Samkvæmt lögun nr. 75/2000 er það „Slökkviliðsstjóri sem ... hefur stjórn á vettvangi við mengunaráhöpp á landi. Við þessi störf er löggæslulið og opinberir eftirlitsaðilar undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra”.

Skilgreining laganna á mengunaráhappi er að “þegar bráðamengun verður og eiturefni eða önnur efni berast eða kunna að berast í umhverfið og tafarlaus úrræði eru nauðsynleg vegna hættu á tjóni á umhverfi, heilsu fólks eða eignum”

Hér er væntanlega átt við grein 2.6.

Umhverfisstofnun hefur breytt greininni til samræmis við ábendinguna.

3.5 Hauggas.

Í drögunum er gefinn ádráttur með að brenna hauggasi. Framleiðsla, geymsla og sala á á brennanlegu gasi fellur einnig undir lög og reglur um brunamál. Ekki er heimilt að vera með opinn eld á höfuðborgarsvæðinu án tilskilinna leyfa. Eðlilegt er að geta þess í drögunum og einnig að í brunahönnun skuli gera grein fyrir sérstökum öryggisráðstöfunum vegna þessa, í samráði við slökkvilið.

Tilgangurinn með starfsleyfi er að setja viðkomandi starfsemi skilyrði er varða verndun umhverfis. Umhverfisstofnun gerir því ekki ráð fyrir að í starfsleyfi sé fjallað um brunahönnun mannvirkja eða talin upp öll þau mögulegu leyfi sem rekstraraðila ber að afla til að geta rekið starfsemi sína með lögmætum hætti. Í ljósi ábendingarinnar telur Umhverfisstofnun þó ástæðu til að vekja athygli rekstraraðila á að brennsla hauggassins geti verið háð öðrum leyfum og hefur því breytt greininni til samræmis við það.

UMSÖGN ÍBÚASAMTAKA LEIRVOGSTUNGU

Í umsögn Íbúasamtakanna voru ekki settar fram afmarkaðar ábendingar við efni starfsleyfistillögunnar, heldur voru mótmæli og ábendingar sett fram í samfelldum texta. Umhverfisstofnun velur því að draga fram meginatriðin í umsögninni og fjalla um þau í einu lagi.

Í umsögninni er því mótmælt harðlega að starfsleyfi verði gefið út til áframhaldandi starfsemi í Álfsnesi og er ástæðan áframhaldandi og alvarleg lyktarmengun. Það er einróma álit Íbúasamtakanna að meðhöndlun og urðun úrgangs sem veldur slíkri lyktarmengun eigi ekki heima svo nærri byggð og er því mótmælt harðlega að slíkt sé gert. Því er einnig mótmælt að heimilað verði að fara í tilraunastarfsemi á meðhöndlun lyktarsterks úrgangs. Kemur fram það mat samtakanna að áframhaldandi lyktarmengun frá starfsemi rekstraraðila brjóti á réttindum félaga um full afnot af eignum sínum og brjóti þar með gegn þeirri meginreglu íslenskrar stjórnskipunar um að eignarétturinn sé friðhelgur. Kemur fram að íbúar Leirvogstungu verði fyrir miklu ónæði frá starfsemi í Álfsnesi með megnri ólykt sem leggist yfir hverfið með reglulegum hætti og að tilraunir rekstraraðila til að draga úr henni hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Í umsögninni kemur einnig fram ábending um að rekstraraðili hefði hugmyndir um að nota lyktarsterka moltu til að hylja urðunarstaðinn í Álfsnesi og væri með því að auka líkur á lyktarmengun enn frekar. Kemur fram það álit Íbúasamtakanna að áframhaldandi lyktarmengun muni fylgja starfsemi því framkvæmdir sem rekstraraðili hafi hug á að ráðast í muni ekki taka á helstu lyktaruppsprettum starfseminnar, þ.e. böggun/urðun sorps og móttöku og vinnslu lyktarsterks úrgangs. Fjölmörgum spurningum um hvernig taka skuli á þessum áhættuþáttum í starfsemi sé ósvarað og því mótmælt harðlega að farið verði í tilraunastarfsemi á lyktarstjórnun svo nærri íbúabyggð. Að endingu gera Íbúasamtökin þá kröfu að starfsemi í Álfsnesi verði ekki áframhaldið og að ráðist verði í það af fullri alvöru og með faglegum hætti að finna henni hentugri framtíðarstað.

Hlutverk Umhverfisstofnunar með útgáfu starfsleyfis er að tryggja að viðkomandi starfsemi starfi innan ramma gildandi umhverfislöggjafar og að lágmörkuð sé hætta á mengun umhverfisins. Lyktarmengun í nágrenni urðunarstaðar er þar innifalin. Stofnunin hefur hins vegar ekki það hlutverk að velja urðunarstöðum staðsetningu eða að hafa milligöngu um slíkt. Það er á hendi stjórnvalda í skipulagsmálum. Þegar umsókn um starfsleyfi berst er skylda Umhverfisstofnunar varðandi staðsetningu urðunarstaðar sú að ganga úr skugga um að gilt deiliskipulag sé til staðar fyrir urðunarstaðinn og að starfsemin samræmist skipulagsáætlunum viðkomandi svæðis. Jafnframt ber stofnuninni skylda til að ganga úr skugga um að urðunarstaðurinn sé í a.m.k. 500 metra fjarlægð frá dvalarstöðum fólks, sbr. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Umhverfisstofnun telur að þessi skilyrði séu uppfyllt fyrir urðunarstaðinn í Álfsnesi. Við vinnslu málsins fór stofnunin ítarlega yfir skipulagsáætlanir

svæðisins og aflaði m.a. álits Reykjavíkurborgar, sem stjórnvalds í skipulagsmálum svæðisins, varðandi túlkun á þeim ramma sem aðalskipulag Reykjavíkur 2010–2030 setur starfseminni.

Eins og hér að framan greinir ber að tryggja að urðunarstaðurinn í Álfsnesi starfi innan ramma gildandi laga og reglugerða. Í tilfelli urðunarstaða eru það í meginatriðum ákvæði reglugerðar um urðun úrgangs, enda er þar um að ræða sértæka reglugerð um rekstur urðunarstaða. Í ljósi sögu urðunarstaðarins í Álfsnesi og fyrri ábendinga um lyktarmengun frá honum setti Umhverfisstofnun sértækari ákvæði um varnir gegn lyktarmengun en reglugerð um urðun úrgangs mælir fyrir um og almennt er gert í starfsleyfum urðunarstaða hér á landi. Við gerð starfsleyfistillögunnar hefur Umhverfisstofnun að leiðarljósi að möguleg lyktarmengun frá urðunarstaðnum verði lágmarkuð eins og frekast er unnt og í þeim tilgangi eru í starfsleyfistillögunni skilyrði um mótvægisáðgerðir gegn lyktarmengun sem rekstraraðila ber að viðhafa hvern dag, auk þess sem rekstraraðila ber að skila inn tímasettri áætlun um frekari ráðstafanir til að draga úr lyktarmengun. Í ljósi ábendinga sem koma fram í umsögnum hefur stofnunin þó breytt greinum 4.3 og 4.5 til að draga enn frekar úr mögulegri hættu á lyktarmengun, m.a. með því að heimila ekki notkun þekjuefnis sem getur sjálft haft í för með sér fok, ónæði eða ólykt. Með sértækum og ítarlegum ákvæðum um varnir gegn lyktarmengun telur Umhverfisstofnun að tekið hafi verið tillit til aðstæðna á staðnum og það er mat stofnunarinnar að þær mótvægisáðgerðir sem kveðið er á um teljist nægjanlegar til að lágmarka lyktarmengun frá starfseminni.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þær tilraunir með lyktsterkan úrgang sem starfsleyfið mun heimila eru einungis tilraunir með endurnýtingu úrgangsins. Stofnunin hefur breytt III. tl. 1. mgr. greinar 1.2 í starfsleyfistillögunni til að gera það skýrara. Stofnunin telur ekki ástæðu til að koma í veg fyrir að rekstraraðili geti gert tilraunir með endurnýtingu lyktsterks úrgangs á urðunarstaðnum, enda geta þær orðið til þess að honum verði mögulegt að bæta verklag við meðhöndlun þessa úrgangs og draga úr urðun hans. Stofnunin telur þó nauðsynlegt að um þessar tilraunir gildi skilyrði sem lágmarki mögulega mengun frá þeim. Þess vegna er í III. tl. 1. mgr. greinar 1.2 í starfsleyfistillögunni gerð krafa um að rekstraraðili geri grein fyrir slíkum tilraunum áður en til framkvæmdar þeirra kemur og samþykki útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila jafnframt gert að skilyrði. Þessu til viðbótar hefur Umhverfisstofnun nú breytt greininni með þeim hætti að leita beri umsagna viðkomandi heilbrigðisnefnda áður en samþykki er veitt og að almennt skuli ekki veitt samþykki nema tilraunirnar fari fram í lokuðu rými svo lágmarka megi mögulega lyktarmengun.

Í umsögninni er vísað til eignarréttarákvæðis stjórnarskrár, sbr. 72. gr. laga nr. 33/1944, sem og einnig sjónarmiða um nábylísrétt. Er það mat umsagnaraðila að eignarréttindi þeirra yfir fasteignum sínum séu skert með áframhaldandi starfsemi urðunarstaðarins og því beri ekki að gefa út starfsleyfi á ný. Í eignarréttinum verða í grunninn talin felast þau réttindi eigenda að mega hagnýta eign sína að vild. Á þessum réttindum finnast þó ýmsar takmarkanir. Þannig getur eigandi ekki hagnýtt eign sína með hætti sem fer í bága við fyrirmæli laga. Eins geta ýmsir almannahagsmunir takmarkað hagnýtingu eignar og síðan einnig sértækir hagsmunir nágranna, en hið síðasttalda hefur verið nefnt nábylísréttur. Þannig felast í nábylísrétti ólögfestar meginreglur sem setja eignarráðum fasteignareiganda takmörk af tilliti til eigenda nágrannaegna og geta orðið til þess að eiganda teljist tiltekin hagnýting óheimil. Í þessu máli má segja að bæði íbúar á svæðinu í kringum urðunarstaðinn í Álfsnesi og rekstraraðili geti vísað til þess, með stuðningi í reglum eignarréttarins, að þeir hafi heimild til að hagnýta fasteignir sínar að vild. Reynir þá á að meta hvort að hagnýting annars aðilans gengur svo á möguleika hins til að hagnýta sína eign að brjóti í bága við meginreglur nábylísréttarins. Umhverfisstofnun er ekki dómstóll og getur því ekki tekið endanlega afstöðu til þess hvort að svo sé. En stofnunin vill þó benda á að starfsemi urðunarstaðarins er innan marka gildandi deiliskipulags, svo sem farið hefur verið yfir hér að framan. Þá hefur stofnunin, á grundvelli þeirra laga og reglna sem fara ber eftir við útgáfu starfsleyfa fyrir urðunarstaði, sett í



fyrirliggjandi starfsleyfistillögu margvísleg skilyrði til rekstraraðila um ráðstafanir til þess að draga úr mengun, þ.m.t. lyktarmengun, og þá einkum með hagsmuni nágranna urðunarstaðarins í huga. Þannig telur stofnunin að við vinnslu starfsleyfistillögunnar hafi þegar verið tekið tillit til sjónarmiða um nábylisrétt.